

umboðsmenn mínir hafa einnig skrifað mér, að nærvera mín sé nauðsynleg heima vegna eigna minna. Það er þér sjálfum til hagsmuna, að erfðaóðal það, sem seinna verður eign þín, lækki ekki í verði".

"Ó, faðir minn, þú átt svo mikið, að þú eyðir ekki öllum tekjunum, hvernig sem þú hagar búskap þínum. Lífið er svo stutt — hví skyldi maður þá neita sér um hina sönnu nautn fyrir þá lítilsverðu ánægju, að safna meira af gulli en maður þarf?"

"Þú þekkir það ekki, Eberhard. Upplag þitt er að eyða, og ég er hræddur um, að eignir mínar, sem nú eru talsverðar, verði endasleppar í höndum þínum, þegar þú færð þær. En á meðan ég lifi, þá er það ég, sem stjórna þeim, eins og þú skilur".

"Ég hef aldrei hlutast til um þín málefni, faðir minn", svaraði Eberhard með reiðþrungnum svip. "En er það þá til of mikils mælt, að sonur Stjernekrans greifa, sem allir segja mjög auðugan, fái leyfi til að fara einu sinni til Ítalíu, þess lands, sem allir aðrir ungir aðalsmannasynir heimsækja, þó þeir eigi helmingi minni eignir. Ég er 24 ára gamall, faðir minn, og þó hefirðu aldrei gefið mér leyfi til, að gera neitt að mínum eigin vilja. Af hverju viltu halda mér í þessari áþjám, sem dregur allan kjark úr eðli mínu? Ef þú þarft endilega að fara heim vegna jarðeigna þinna, leyfðu mér þá að minsta kosti að njóta minna ánægjustunda. Gefðu mér hæfilega fjárupphæð, og losaðu mér að fara einum til Ítalíu".

Eberhard talaði þetta með hárrí, þverúðgri röddu. Greifinn leit rólega og alvarlega á son sinn, sem ekki þoldi augnatillit hans, og varð að líta undan.

"Skemtanir, ávalt skemtanir", sagði greifinn, "um þær hugsar þú eingöngu, Eberhard. Þú segist vilja njóta lífsins, af því það sé svo stutt. Heldurðu þá að munaðarlífið, sem töfrar greiningarvitið